

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. maí 1994

um nákvæmar reglur um beitingu 1. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á

(94/339/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 4. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/338/EB <sup>(3)</sup> eru settar nákvæmar reglur um sýnatöku lögbærra yfirvalda úr dýrum á viðtökustað í viðskiptum innan bandalagsins.

Ef niðurstöður úr eftirliti með dýrum á viðtökustað gefa yfirvöldum tilefni til að grípa til þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/425/EBE er nauðsynlegt að skilgreina málsmeðferðina sem lögbærum yfirvöldum viðtökuaðildarríkisins ber að fylgja þegar þau tilkynna lögbærum yfirvöldum sendingaraðildarríkis þar um.

Enn fremur er nauðsynlegt að setja reglur sem sendingaraðildarríkinu ber að fara eftir þegar það fær slíka tilkynningu.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Tilkynninguna sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 90/425/EBE skal þegar í stað gefa út skriflega eins skjótt og auðið er.

2. Tilkynningin sem um getur í 1. mgr. tekur til:

- afrits af heilbrigðisvottorði og, ef þörf krefur, fjölda dýranna í sendingunni og lýsingar á þeim,

- komudags sendingarinnar á viðtökustað,
- dagsetningar sýnatöku og rannsóknarstofuprófs ef um slíkt er að ræða eða, ef engin sýni voru tekin, dagsetningar eftirlits,
- upplýsinga um niðurstöður úr eftirliti og, ef sýni voru tekin, lýsingar á dýrunum sem voru prófuð, tegundar rannsóknarstofuprófs á sýnunum og niðurstöðu úr því prófi.

2. gr.

1. Lögbær yfirvöld sendingaraðildarríkis geta, eins skjótt og auðið er og eigi síðar en sjö dögum eftir að upplýsingarnar sem um getur í 1. gr. berast, farið fram á:

- eitt eða fleiri próf, ef þurfa þykir á tveimur sýnum eða sýnahlutanum eða sýnahlutunum sem um getur í 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 94/338/EB, er farið fram á viðkomandi tilvísunarrannsóknarstofu bandalagsins eða viðurkenndri rannsóknarstofu sem hlutaðeigandi lögbær yfirvöld sendingaraðildarríkis og viðtökuaðildarríkis velja með samhljóða samkomulagi,
- klíniska rannsókn á sendingunni, ef hún hefur verið sett í einangrun, að viðstöddum fulltrúa sendingaraðildarríkis.

2. Kostnaður við eftirlitið sem um getur í 1. mgr. hvílir á lögbæru yfirvaldi sendingaraðildarríkis. Yfirvaldinu er heimilt, í samræmi við innlendar reglur, að fara fram á að hlutaðeigandi aðilar greiði kostnaðinn.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. maí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 151, 17. 6. 1994, bls. 36.